



Lýstu þér með orðum

Orða- og málþroskaleikur

Markmið

Að nemendur geti tileinkað sér þau markorð sem unnið er með við lýsingu á sjálfum sér.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Tafla og töflutúss.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Nemendur sitja í hálfhring og kennarinn skrifar þrjú markorð á töfluna sem nemendur eiga svo að nýta þegar þeir lýsa sjálfum sér. Kennarinn gefur góða fyrirmynd og lýsir sjálfum sér með orðunum. Fyrsti nemandi byrjar og svo gengur þetta koll af kalli.

Aðrar útfærslur

Það er hægt að vinna með aðra orðflokka, nafnorð, sagnorð og atviksorð.

Það er hægt að hafa fleiri markorð og þyngja leikinn eftir aldri.